

Nr. 55.
3. nóv.

Lög

um

sölu á steinolíu, bensíni og áburðarolíu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Steinolíu, bensín og áburðarolíu skal selja eftir vigt.

2. gr.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, bensín eða áburðarolíu, skal vera merkt:

- a. nafn firma þess, fjelags eða einstaks manns, er vöruna selur;
- b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
- c. þyngd ílátsins með innihaldi (Bruttó-vigt);
- d. þyngd innihaldsins (Nettó-vigt);
- e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. gr.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

1. tala (númer) ílátsins;
2. nafn tegundar;
3. þyngd ílátsins með innihaldi;
4. þyngd ílátsins (sjálfs);
5. þyngd innihaldsins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., er renna í landssjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.